

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Kjósarhreppi.

Deiliskipulag í landi Eyrarkots.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 4. maí 2022 deiliskipulag íbúðabyggðar Eyrarkots.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots tekur til 20 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar sex íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðarvarp, lóð fyrir smábátahöfn og tvær verzlunar- og þjónustulóðir (þ.e. fræðslu- og fuglaskoðunarskála). Uppbygging er hafin á einni íbúðarlóð, þ.e. Snorravík. Skipulagsvæðið hallar til norðurs og er við Hvalfjörð. Aðkoma að íbúðarlóðum er um veginn Blómsturvellir sem tengist Bolaklettavegi (4898). Aðkoma að verzlunar- og þjónustulóðunum verður um nýjan veg um Hestaþingshól sem tengist Hvalfjarðarvegi (47). Skipulagsvæðið afmarkast í suðri af Hvalfjarðarvegi, í austri af Bolaklettavegi (4898), norðri af Hvalfirði og vestri af jarðamörkum Eyrar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þessi auglýsing kemur í stað auglýsingar nr. 586/2022 sem birt var 19. maí 2022.

Kjósarhreppi, 15. júní 2022.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2022